

Próf: Helstu tegundum verðbréfa : Samval verðbréfa og sjóðastjórnun

Vægi þessa hluta er 50% af heildarprófi í Helstu tegundum verðbréfa.

Öll námsgögn eru heimiluð

Allar spurningar eru krossaspurningar. Ekki er dregið frá fyrir röng svör. Vinsamlega athugið að mismunandi vægi er á spurningunum. Vægi spurninga er gefið miðað við heildarprófseinkunn.

Spurning 1 (5 %)

Af hverju eiga flestir fjárfestar áhættudreifð verðbréfasöfn?

- A. Til að hækka vænta ávöxtun safnsins þar sem áhættudreifing leiðir til hærri ávöxtunar
- B. Til að lækka frávík ávöxtunar safnsins sem leiðir til lækkunar áhættu þess
- C. Til að lækka frávík og hækka ávöxtun safnsins
- D. Til að halda frávíki og ávöxtun safnsins óbreyttu
- E. Ekkert af ofangreindu

Spurning 2 (5 %)

Hvað er samviki (covariance) og af hverju skiptir hann máli við samval verðbréfa?

- A. Samviki mælir samhreyfingu milli tveggja raða. Ef þær hreyfast sífelld í **sömu átt** verður útkoman stór póstív tala og öfugt. Samviki er mikilvægt þar sem frávík safnsins er summa einstakra frávíka og samvika allra eigna í safninu. Jafnframt að hægt að sýna fram á að í safni með mörgum verðbréfum er frávík safnsins jafnt meðaltali **samvika** þess.
- B. Samviki mælir samhreyfingu milli tveggja raða. Ef þær hreyfast sífelld í **sitthvora áttina** verður útkoman stór póstív tala og öfugt. Samviki er mikilvægt þar sem frávík safnsins er summa einstakra frávíka og samvika allra eigna í safninu. Jafnframt að hægt að sýna fram á að í safni með mörgum verðbréfum er frávík safnsins jafnt meðaltali **samvika** þess.
- C. Samviki mælir samhreyfingu milli tveggja raða. Ef þær hreyfast sífelld í **sömu átt** verður útkoman stór póstív tala og öfugt. Samviki er mikilvægt þar sem frávík safnsins er summa einstakra frávíka og samvika allra eigna í safninu. Jafnframt að hægt að sýna fram á að í safni með mörgum verðbréfum er frávík safnsins jafnt meðaltali **frávíka** þess.
- D. Samviki mælir samhreyfingu milli tveggja raða. Ef þær hreyfast sífelld í **sitthvora áttina** verður útkoman stór póstív tala og öfugt. Samviki er mikilvægt þar sem frávík safnsins er summa einstakra frávíka og samvika allra eigna í safninu. Jafnframt að hægt að sýna fram á að í safni með mörgum verðbréfum er frávík safnsins jafnt meðaltali **frávíka** þess.
- E. Ekkert af ofangreindu

Spurning 3 (5 %)

Útskýrið lögun framfallsferilsins

- A. Framfallið hefur kúpta lögun þar sem að ef möguleg söfn eigna hafa **fullkomna** samfylgni (correlation) mun línan ekki verða **bein** heldur **bogin** eins og samfylgnin gefur til kynna. Þeim mun **fullkomnari** sem samfylgnin er þeim mun kúptara er lagið.
- B. Framfallið hefur kúpta lögun þar sem að ef möguleg söfn eigna hafa ekki **fullkomna** samfylgni (correlation) mun línan ekki verða **bogin** heldur **bein** eins og samfylgnin gefur til kynna. Þeim mun **hærri** sem samfylgnin er þeim mun kúptara er lagið.
- C. Framfallið hefur kúpta lögun þar sem að ef möguleg söfn eigna hafa ekki **fullkomna** samfylgni (correlation) mun línan ekki verða **bein** heldur **bogin** eins og samfylgnin gefur til kynna. Þeim mun **lægri** sem samfylgnin er þeim mun kúptara er lagið.
- D. Framfallið hefur kúpta lögun þar sem að ef möguleg söfn eigna hafa **ófullkomna** samfylgni (correlation) mun línan ekki verða **bein** heldur **bogin** eins og samfylgnin gefur til kynna. Þeim mun **ófullkomnari** sem samfylgnin er þeim mun kúptara er lagið.
- E. Ekkert af ofangreindu

Spurning 4 (5 %)

Gerum ráð fyrir að þú viljir reikna út framfall þitt af hlutabréfum. Hvaða upplýsingar þarftu til að geta reikna það?

- A. Vænta ávöxtun og vænt samvik ávöxtunar milli allra bréfa sem skoðuð eru
- B. Sögulega ávöxtun, söguleg frávik ávöxtunar, söguleg samvik ávöxtunar milli allra bréfa sem skoðuð eru.
- C. Vænt ávöxtun, vænt frávik ávöxtunar.
- D. Vænt ávöxtun, vænt frávik ávöxtunar, vænt samvik ávöxtunar milli allra bréfa sem skoðuð eru.
- E. Ekkert af ofangreindu

Spurning 5 (7,5 %)

Hvers vegna er línan milli áhættulausu eignarinnar og verðbréfasafns á Markowitz framfalli bein?

- A. Fall væntrar ávöxtunar er vegið meðaltal ávöxtunar einstakra eigna. Þess fyrir utan er ljóst að með því að sameina verðbréfasafn með áhættulausri eign þá er **samfylgni** samsetningarinnar fall af hlutfalli (vigt/weight) áhættusömu eignarinnar. Þess vegna, þar sem bæði vænt ávöxtun og **samfylgni** eru einföld meðaltöl, verður samsetning þeirra á beinni línu.
- B. Fall væntrar ávöxtunar er vegið meðaltal ávöxtunar einstakra eigna. Þess fyrir utan er ljóst að með því að sameina verðbréfasafn með áhættulausri eign þá er **meðalávöxtun** samsetningarinnar fall af hlutfalli (vigt/weight) áhættusömu eignarinnar. Þess vegna, þar sem bæði vænt ávöxtun og **meðalávöxtun** eru einföld meðaltöl, verður samsetning þeirra á beinni línu.
- C. Fall væntrar ávöxtunar er vegið meðaltal ávöxtunar einstakra eigna. Þess fyrir utan er ljóst að með því að sameina verðbréfasafn með áhættulausri eign þá er **staðalfrávik ávöxtunar** samsetningarinnar fall af hlutfalli (vigt/weight) áhættusömu eignarinnar. Þess vegna, þar sem bæði vænt ávöxtun og **staðalfrávik ávöxtunar** eru einföld meðaltöl, verður samsetning þeirra á beinni línu.
- D. Allt af ofangreindu
- E. Ekkert af ofangreindu

Spurning 6 (7,5 %)

Hver er munurinn á SML (securities market line) og CML (capital market line)?

- A. Munurinn er sá að annars vegar er lóðrétti ásinn SML mælir ávöxtun og sá lárétti mælir, **áhættu sem staðalfrávik ávöxtunar (heildaráhættu/total risk)** en samkvæmt skilgreiningu er beta markaðssafnsins 1,0 og beta áhættulausu eignarinnar 0,0. Lárétti ás CML á hinn bóginn mælir **staðlaða kerfisbundna áhættu (systematic risk) (samvik (covariance) ávöxtunar með markaðssafninu deilt með fráviki markaðssafnsins)**.
- B. Munurinn er sá að annars vegar er lóðrétti ásinn SML mælir ávöxtun og sá lárétti mælir **staðlaða kerfisbundna áhættu (systematic risk) (samvik (covariance) ávöxtunar með markaðssafninu deilt með fráviki markaðssafnsins)**, en samkvæmt skilgreiningu er beta markaðssafnsins 1,0 og beta áhættulausu eignarinnar 0,0. Lárétti ás CML á hinn bóginn mælir **áhættu sem staðalfrávik ávöxtunar (heildaráhættu/total risk)**.
- C. Munurinn er sá að annars vegar er lóðrétti ásinn SML mælir ávöxtun og sá lárétti mælir **staðlaða kerfisbundna áhættu (systematic risk) (samvik (covariance) ávöxtunar með markaðssafninu deilt með fráviki markaðssafnsins)**, en samkvæmt skilgreiningu er beta markaðssafnsins 1,0 og beta áhættulausu eignarinnar 0,0. Lárétti ás CML á hinn bóginn mælir **áhættu sem staðalfrávik ávöxtunar (fyrirtækjaáhættu/company specific risk)**.
- D. Allt af ofangreindu
- E. Ekkert af ofangreindu

Spurning 7 (5 %)

Hvað einkennir virka sjóðastýringu (active fund management) hlutabréfasjóða?

- A. Sjóðsstjórinn hefur skoðanir og væntingar um framtíðarhreyfingar á hlutabréfamarkaði
- B. Sjóðsstjórinn hefur iðulega viðmið fyrir sjóðinn en vísar frá því þegar aðstæður gefa tilefni til þess
- C. Samsetning sjóðssins endurspeglar ekki viðmið eða stýring sjóðsins er ekki með því móti að hann hermi eftir (replicate) viðmið.
- D. Allt að ofan
- E. Ekkert að ofan

Spurning 8 (5 %)

Hver eftirtalinna einkenna eiga ekki við verðbréfasjóði (UCITS)

- A. Verðbréfasjóðir selja einingar eftir því sem þörf er á
- B. Verð verðbréfasjóða er innra verð sjóðsins að frádregnum uppreiknuðum kostnaði hans s.s. vegna umsýslu, vörslu og annars rekstrarkostnaðar.
- C. Verðbréfasjóður hefur fjárfestingarstefnu sem lýsir stefnu og markmiðum sjóðsins.
- D. Verðbréfasjóður má taka lán til kaupa á verðbréfum skv. Fjárfestingarstefnu.
- E. Ekkert að ofan

Spurning 9 (5 %)

Hvaða kennitala er best við samanburð á milli tveggja virkra hlutabréfasjóðsstjóra?

- A. Sharpe ratio
- B. Treynor ratio
- C. Jensen's alpha
- D. Allt að ofan
- E. Ekkert að ofan